

259. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmudaginn 19. febrúar 2015 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.


Mættir:

Kristjana Hermannsdóttir
 Björn H Hilmarsson
 Fríða Sveinsdóttir
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá:

- 1) Bréf frá félagi eldri borgara, dags. 16. febrúar 2015, varðandi niðurfellingu á leigu í íþróttahúsini þann 1. mars vegna boccia móts.
 Bæjarráð samþykkir erindið samhljóða enda fellur það undir reglur Snæfellsbæjar um niðurfellingar á húsaleigu. Fulltrúar félags eldri borgara þurfa að hafa samband við íþróttá- og æskulýðsfulltrúa um leigu á húsinu og fyrirkomulag á mótinu.
- 2) Bréf frá Kvenfélagi Ólafsvíkur, dags. 9. febrúar 2015, varðandi ósk um styrk vegna útgáfu minjagrips í tilefni af 65 ára afmæli félagsins.
 Bæjarráð sér sér því miður ekki fært að verða við erindinu.
- 3) Umsókn um hundaleyfi: Jón Þór Lúðvíksson sækir um leyfi til að halda hundinn Snúð.
 Erindið samþykkt samhljóða.
- 4) Bréf frá Sýslumanni Snæfellinga, dags. 27. desember 2014, varðandi ósk um heimild til að afskrifa ógreitt útsvar. TRÚNAÐARMÁL.
 Erindið samþykkt samhljóða.
- 5) Bréf frá bæjarritara, dags. 10. febrúar 2015, varðandi ósk um aukafjárveitingar á fjárhagsáætlun 2014.
 Bæjarráð samþykkti aukafjárveitingarnar samhljóða.
- 6) Bréf frá skólastjóra, dags. 1. desember 2014, varðandi ósk um tímabundið viðbótarfjármagn vegna stöðu stuðningsfulltrúa á Hellissandi. Beiðnin nær frá 1/1 – 31/5 2015.
 Bæjarráð samþykkti að fela bæjarstjóra að ræða við skólastjóra um þetta mál.
- 7) Bréf frá Menntaskólanum að Laugarvatni, dags. 3. febrúar 2015, varðandi ósk um styrk vegna ferðar kórs menntaskólans til Danmerkur.
 Bæjarráð sér sér því miður ekki fært að verða við erindinu.
- 8) Bréf frá umhverfis- og skipulagsnefnd, dags. 9. febrúar 2015, varðandi erindi sem sent var nefndinni frá bæjarstjórn.
 Lagt fram til kynningar.
- 9) Bréf frá Yrkjusjóði, dags. 4. febrúar 2015, varðandi beiðni um fjárstuðning.
 Bæjarráð sér sér því miður ekki fært að verða við erindinu.
- 10) Bréf frá Nýsköpunardeppni grunnskólanefnd, dags. 11. febrúar 2015, varðandi beiðni um fjárstuðning.
 Bæjarráð sér sér því miður ekki fært að verða við erindinu.
- 11) Bréf frá Brunabót, dags. 12. febrúar 2015, varðandi styrktarsjóð EBÍ 2015.
 Bæjarráð samþykkti að senda erindið til verkefnastjóra Átthagastofunnar.
- 12) Bréf frá Anne Herzog, dags. 13. febrúar 2015, varðandi ósk um styrk.
 Bæjarráð sér sér því miður ekki fært að verða við erindinu.

F.S. - B.A.S. J.H. 


- 13) Bréf frá leikskólastjóra, dags. 17. febrúar 2015, varðandi ósk um aukafjárveitingu til að ráða stuðningsmanneskju við leikskólann. TRÚNAÐARMÁL.
Bæjarráð samþykkti samhljóða að veita aukafjárveitingu vegna stuðningsmanneskju frá því að barnið kemur inn á leikskólann.
- 14) Bréf frá slökkviliði Snæfellsbæjar, dags. 15. febrúar 2015. TRÚNAÐARMÁL.
Mikil umræða varð um málið og samþykkti bæjarráð að svara erindinu á þeim forsendum sem ræddar voru á fundinum.
- 15) Skipun aðila í nefnd um málefni fatlaðra.
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fresta tilnefningu í nefndina til næsta bæjarstjórnarfundar.
- 16) Skipun aðila í ungmannaráð.
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fresta tilnefningu í nefndina til næsta bæjarstjórnarfundar.
- 17) Minnispunktar bæjarstjóra.
a) Rætt um fjárhagsaðstoð og félagsþjónustu.
b) Rætt um lántöku fyrir árið 2015.
c) Endurskoðendur mæta 23. febrúar til að vinna í ársreikningi 2014.
d) Bæjarráð óskar eftir því að hafnarstjóri mæti á næsta fund bæjarstjórnar.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:12


Kristjana Hermannsdóttir


Björn H Hilmarsson


Friða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari